

## Skólaráðsfundur Grunnskóla Reyðarfjarðar 7. maí 2024

Mættir: Anna Sigrún Ben Jóhönnudóttir, Emilía Ólöf Aronsdóttir, Pálína Hrönn Garðarsdóttir, Sigríður Harpa Gunnarsdóttir, Valgeir Ægir Ingólfsson, Steinunn Guðnadóttir, Guðlaug Björgvinsdóttir, Anna Steinunn Árnadóttir, Þuríður Sigurjónsdóttir, Þuríður Haraldsdóttir, Thelma Rún Magnúsdóttir, Ásta Ásgeirsdóttir og Guðlaug Árnadóttir sem ritaði fundargerð.

Fundarstjóri bauð fundargesti velkomna. Eftir samráð allra aðila var ákveðið að fara saman yfir kynningarbréf Fjarðabyggðar vegna fyrirhugaðra breytinga í fræðslumálum Fjarðabyggðar. Margar spurningar vöknudu og voru fundargestir sammála um að til að geta gefið umsögn þurfi að fá svör við þeim spurningum.

Spurningarnar eru eftirfarandi:

1. Hvað er starfsstöð og hvað felst í því? Í lögum um grunnskóla 2008/91 er hvergi getið um starfsstöð en þar segir í 1. gr. 1. kafla: Skólar sem bjóða nám á grunnskólastigi nefnast grunnskólar.
  - Verður hver starfsstöð sér skóli í skilningi laga um grunnskóla?
  - Bera allir skólastjórnarnir jafna ábyrgð á öllum skólunum eða bara á sinni starfsstöð (skóla)?
2. Við óskum eftir starfslýsingu fagstjóra og upplýsingar um hvaða menntunarkröfur eru gerðar til hans.
  - Er fagstjóri nýr skólastjóri Grunnskóla Fjarðabyggðar?
  - Er hann næsti yfirmaður skólastjóra skólanna eins og má lesa út úr skipuritinu en vantar í lýsingu?
  - Hversu stór hluti starfs fagstjóra muni fara fram á skrifstofu annars vegar og úti í skólunum hins vegar og þá hversu mikið í hverjum skóla fyrir sig?
  - Hver er munurinn á starfi fagstjóra og starfi skólastjóra/aðstoðarskólastjóra í dag?
3. Skólastjórnar starfsstöðva munu ekki hafa kennsluskyldu. Það er engin breyting fyrir Grunnskóla Reyðarfjarðar miðað við núverandi skipulag. 100% stjórnunarstaða óháð stærð skóla hlýtur að hafa þau áhrif að álag á skólastjóra Grunnskóla Reyðarfjarðar verði meira en skólastjóra minni skólanna. Hvernig verður brugðist við því?

4. Á hvaða rökum er ákveðið að hafa ekki aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra í Grunnskóla Reyðarfjarðar?
  - Er það fyrst og fremst sparnaður? Óskað er eftir faglegum rökstuðningi og sundurliðun útreikninga.
  - Hver á að sinna þeim störfum og verkefnum við Grunnskóla Reyðarfjarðar sem aðstoðarskólastjóri og aðrir stjórnendur hafa sinnt?
5. Óskað er eftir gögnum sem voru unnin eða safnað frá þeim sveitarfélögum sem nefnd voru í kynningarefni á heimasíðu Fjarðabyggðar og varða þeirra reynslu og fyrirkomulag á sambærilegum aðgerðum.
6. Hvernig er starf sérkennara samkvæmt breytingum í samanburði við starf deildarstjóra sérkennslu samkvæmt núverandi fyrirkomulagi?
  - Hver verður kennsluskylda sérkennarans?
  - Hver er munurinn á starfslýsingu almenns sérkennara í dag og þessa nýja sérkennara?
  - Óskað er eftir starfslýsingu þessa nýja starfs samkvæmt skipuriti.
7. Hversu hátt hlutfall starfs verkefnastjóra er áætlað í hlutverk tengiliðar farsældar?
  - Óskað er eftir starfslýsingu verkefnastjóra.
  - Á verkefnastjóri að hafa mannaforráð?
  - Á að ráða verkefnastjóra ótímabundið? Ef ekki, til hversu langs tíma á að ráða hann?
  - Mun verkefnastjóri hafa einhvers konar stjórnunarhlutverk?
  - Óskað er eftir útreikningi á mismuni launa aðstoðarskólastjóra og verkefnastjóra með tilliti til allra þátta t.d. kennsluskyldu og fastlaunasamnings.
8. Hvert er hlutverk skólafulltrúa? Á skipuriti er starfsins getið, hvert er hlutverk þess?
  - Hvert er starfssvið sérfræðinganna á skrifstofu skólajónustu, þroskaþjálfara, kennsluráðgjafa og náms- og starfsráðgjafa? Óskað er eftir þeirra starfslýsingum?
  - Hvert verður skipulag viðveru þeirra í Grunnskóla Reyðarfjarðar?
  - Hvað er gert ráð fyrir að mikill tími fari í akstur fagstjóra og annarra sérfræðinga á vikulegum grunni og þeim kostnaði sem af því hlýst? Óskað er eftir þeim útreikningum og vinsamlegast sundurliðið eftir starfsheitum.

Mismunur á skipuriti og lýsingum í þeim gögnum sem skólaráð hefur til umsagnar eru óásættanleg og endurspegla ekki fagleg vinnubrögð. Að mati skólaráðs höfum við ekki þau gögn sem við þurfum til að gefa umbeðna umsögn. Skólaráð telur skort á samráði við boðaðar breytingar hafi skapað óvissu og grafið undan trausti.

Foreldrar og nemendur í skólaráði hafa áhyggjur af því að þessar fyrirhuguðu breytingar skerði það góða starf sem nú þegar er unnið í Grunnskóla Reyðarfjarðar. Skólinn er ein af grunnstoðum samfélagsins og það er áhyggjuefni að þessar fyrirhuguðu breytingar dragi úr vilja fjölskyldufólks til að setjast hér að.

Skólaráð Grunnskóla Reyðarfjarðar óskar eftir fresti til að veita umsögn þar til svör hafa borist við spurningum og skólaráðsfulltrúum hafi gefist tími til að eiga samráð við sitt bakland.

Anna Steinnun Arael.

Steinnun Guðradóttir

Ág. Hampa Gunnarsd.

Ratna Hrönn Þorðarsdóttir

Emilía Elöf Aronsdóttir

Guðaug Björgvinsd.

Purður Haraldsd.

Thelma Rún Magnúsd.

Guilang Amadóttir

Ásta Ágúst

Duóla Þóris

Anna Sigrún Ben Jóhannsdóttir